

RÍKISENDURSKOÐUN

Leiðbeiningar um uppgjör og upplýsingaskyldu þátttakenda í persónukjöri þ. á m. prófkjöri og forvali skv. lögum nr. 162/2006, með síðari breytingum

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Leiðbeiningar þessar gilda um reikningsskil frambjóðenda í persónukjöri vegna kosningabaráttu þeirra í tengslum við kosningar til Alþingis, til sveitarstjórna eða vegna forsetakosninga, sbr. lög nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka, með síðari breytingum. Leiðbeiningarnar mæla fyrir um lágmarksupplýsingar en heimilt er að skila fyllri upplýsingum en mælt er fyrir um í þeim.

II. KAFLI

Framlög

2. gr.

Með framlögum í skilningi leiðbeininga þessara er átt við framlög til frambjóðenda og kosningabaráttu þeirra, hvort heldur eru bein fjárframlög eða önnur gæði, sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í leiðbeiningum þessum. Til framlaga í þessum skilningi teljast m.a.:

- a) Allar ívilnanir, eftirgjafir sem og afslættir af vörum og hvers konar þjónustu sem veittir eru af markaðsverði og standa öðrum viðskiptavinum ekki til boða, til dæmis afsláttur af markaðsverði auglýsinga, húsaleigu eða öðru endurgjaldi fyrir afnot af fasteignum.
- b) Endurgjaldslaus afnot af vinnuafli, þ.e.a.s. starfskröftum launaðra starfsmanna ef aðrir en frambjóðandi bera launakostnaðinn. Sjálfboðavinna telst ekki framlag í þessum skilningi.
- c) Endurgjaldslaus afnot af búnaði og tækjum, til dæmis af ökutækjum en þó ekki afnot af lausafé í eigu sjálfboðaliða, sem ekki er notað í atvinnurekstri.
- d) Eftirgjöf eftirstöðva skulda, hvort sem er að hluta eða öllu leyti, óvenjuleg lánakjör eða fjármagnsfyrirgreiðsla.
- e) Tekjur umfram markaðsverð af sölu frambjóðanda á vörum, þjónustu og eignum hafi sala verið á yfirverði sbr. 4. mgr.

Ef sértækur afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði, sbr. a-lið skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í uppgjöri frambjóðanda. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslaus lán vinnuafls, aðstaða eða búnaður skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í uppgjöri á því verði.

Með markaðsverði í skilningi leiðbeininganna er átt við almennt gangverð í viðskiptum með vöru eða þjónustu milli ótengdra aðila að teknu tilliti til afsláttar, sem veittur er með almennum og opinberum hætti á viðskiptalegum grunni. Við mat á endurgjaldi, sem ekki er í formi reiðufjár, skal eftir því sem við verður komið miðað við skattmat Skattsins á hverjum tíma. Nú liggur gangverð ekki fyrir og skal þá við mat á gæðum eða hlunnindum, sem ekki hafa verið í

RÍKISENDURSKOÐUN

krónum talin, m.a. litið til þess kostnaðar sem frambjóðandinn hefði þurft að leggja út fyrir þeim, nema í gildi sé sérstakt skattmat um þau.

Með yfirverði í skilningi leiðbeininganna er átt við söluverð vöru eða þjónustu á hærra verði en markaðsverð sbr. 3. mgr. þ.e. almennt gangverð í viðskiptum með vöru eða þjónustu milli ótengdra aðila að teknu tilliti til afsláttar, sem veittur er með almennum og opinberum hætti á viðskiptalegum grunni. Við sölu á yfirverði telst mismunur söluverðs og markaðsverðs til framlags sbr. e-liður 1. mgr.

3. gr.

Frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá einstökum lögaðilum en sem nemur 400 þús. kr. á ári. Sama á við um framlög frá lögráða einstaklingum.

Framlög umfram hámark í 1. mgr. skal endurgreiða gefanda svo fljótt sem kostur er. Takist ekki að skila þeim jafnharðan skal þeim haldið sérstaklega aðgreindum í reikningsskilum frambjóðanda og skilað í ríkissjóð án ástæðulauss dráttar.

Afli frambjóðandi annarra tekna en um getur í 1. og 2. mgr., svo sem með sölu á þjónustu, vöru eða eignum, skulu slík viðskipti fara fram með sama hætti og lúta sömu reglum og viðskipti milli óskyldra aðila á markaði. Verðákvæðanir skulu í þessu sambandi taka mið af markaðs- eða gangvirði í sambærilegum viðskiptum, sbr. 3. mgr. 2. gr. Sé sala á yfirverði skulu tekjur af starfsemi umfram markaðsverð færast til tekna sem framlög sbr. 2. gr.

Þar sem frambjóðendum er óheimilt að taka við framlögum frá aðilum tilgreindum í 4. gr. er sala til þeirra á yfirverði (verð er umfram markaðsverð) óheimil.

4. gr.

Frambjóðendum er óheimilt að veita viðtöku framlögum frá:

- a) Óþekktum gefendum þ.m.t. framlög sem safnast nafnlaust í söfnunarbauka eða með annars konar nafnlausum samskotum.
- b) Fyrirtækjum að meiri hluta í eigu eða undir stjórn ríkis eða sveitarfélaga.
- c) Opinberum aðilum öðrum en ríkissjóði og sveitarfélögum sbr. II. kafla laga nr. 162/2006, sem og félögum í sameign ríkis og sveitarfélaga og félögum í meiri hluta eigu opinberra aðila. Sama á við um framlög frá aðilum sem fá fjárveitingar frá opinberum aðilum vegna starfsemi sinnar.
- d) Erlendum ríkisborgurum, sem eigi njóta kosningaréttar hér á landi, svo og fyrirtækjum eða öðrum aðilum, sem skráðir eru í öðrum löndum.

Hafi ekki tekist að hafna framlögum frá aðilum sem um er getið í a) – d) lið skal þeim skilað í ríkissjóð án ástæðulauss dráttar.

5. gr.

Framlög tengdra lögaðila skulu talin saman. Samanlögð árleg framlög þeirra mega aldrei fara fram úr 400 þús. kr. Með tengdum aðilum í skilningi laga um starfsemi stjórnmalasamtaka er átt við lögaðila, þar sem svo háttar til að annar aðili er í raun undir stjórn hins þar sem sá

RÍKISENDURSKOÐUN

síðarnefndi á meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í þeim fyrrnefnda. Einnig er átt við lögaðila þar sem einstaklingur á meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilum. Samkvæmt þessu teljast þeir eigendanna, sem eiga hlut í tengdu lögaðilunum, ótengdir en sá lögaðilanna, sem ásamt eigendum sínum á hlut í þeim þriðja, telst tengdur honum.

III. KAFLI Kostnaður

6. gr.

Heildarkostnaður hvers frambjóðanda af kosningabaráttu í kosningum til Alþingis eða til sveitarstjórna má ekki vera hærri en 2 m.kr. að viðbættu álagi sem hér segir:

Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 140 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 185 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 230 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 275 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 320 kr. fyrir hvern.

7. gr.

Heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur 2 m.kr. að viðbættu tvöföldu álagi sem tekur mið af fjölda íbúa á kjörskrá fyrir landið allt eða 280 kr. á hvern íbúa á kjörskrá.

IV. KAFLI Reikningsskil frambjóðenda

8. gr.

Frambjóðandi skal halda fjárreiðum framboðsins aðskildum frá einkafjárreiðum sínum. Í því skyni skal stofnaður sérstakur bankareikningur fyrir framboðið, þar sem færa skal allar peningalegar innborganir eða útborganir í tengslum við það. Halda skal sérstakt bókhald um gjöld tengdum framboðinu svo og tekjur, hvort sem er í formi peningalegra greiðslna eða framlaga í öðrum gæðum. Allar færslur í bókhaldinu skulu byggja á fullnægjandi fylgiskjölum eða gögnum, svo sem frumriti reikninga, kvittunum fyrir móttækin framlög o.s.frv. Um bókhaldið og reikningsskil skulu gilda eftir því sem við á ákvæði bókhaldslaga nr. 145/1994. Þá skal einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi.

9. gr.

Frambjóðandi skal greina frá öllum tekjum sínum í uppgjöri og skal hann a.m.k. geyma eftirtaldar sundurliðanir á tekjuhlið:

1. Framlög úr ríkissjóði
2. Framlög frá sveitarfélagi/sveitarfélögum

RÍKISENDURSKOÐUN

3. Framlög frá lögaðilum
4. Framlag frá einstaklingum
5. Almenn félagsgjöld
6. Aðrar tekjur

Þá skal frambjóðandi gera sérstaka grein fyrir sínum eigin framlögum í bókhaldinu, hvort sem um er að ræða framlög í reiðufé eða útlögðum kostnaði. Færa skal kostnað, er frambjóðandi leggur út fyrir, sem eigið framlag frambjóðandans til framboðsins.

Framlög, t.d. í formi endurgjaldslausra afnota af vinnuafli, kostunar á auglýsingum eða annarri þjónustu eða vöru, skal tekjufæra sem framlag til framboðsins. Jafnframt skal færa viðkomandi útgjöld til gjalda í bókhaldinu. Njóti frambjóðandi sérstaks afsláttar af markaðsverði, sbr. 2. gr., skal hann á sama hátt færður sem framlag til framboðsins. Viðkomandi vara eða þjónusta skal þá gjaldfærð á markaðsverði en hinn sérstaki afsláttur færður til tekna.

10. gr.

Frambjóðandi skal halda sérstaka skrá yfir einstök framlög, sem metin eru til fjár, þar sem fram kemur nafn og kennitala viðkomandi styrktaraðila. Framlög tengdra aðila, sbr. 5. gr. skal telja saman og skal gera grein fyrir því hvernig eignarhald lögaðila var metið m.t.t. þess. Frambjóðandi skal afhenda Ríkisendurskoðun þessa skrá samhliða skilum á ársreikningi.

Nöfn og kennitölur allra lögaðila, sem veita framlög sbr. 2. gr. til kosningabaráttu frambjóðanda, svo og fjárhæð þeirra, skulu koma fram í reikningsskilum hans. Sama á við um nöfn einstaklinga, er veitt hafa hærri framlög til kosningabaráttu frambjóðandans en sem nemur 300 þús. kr. Yfirlýsing þess efnis að önnur framlög einstaklinga hafi ekki numið hærri fjárhæð skal jafnframt koma fram í skýringum.

11. gr.

Sé framboð fjármagnað með lántökum skal tilgreina það sérstaklega í efnahagsreikningi. Eftirgjöf skulda og bersýnilega ívilnandi lánskjör skulu metin sem framlag lánveitanda til framboðsins sbr. 2. gr.

V. KAFLI

Skil og birting reiknings

12. gr.

Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun, í eigin nafni, sérstöku fjárhagslegu uppgjöri um kosningabaráttu sína eigi síðar en þremur mánuðum frá því að persónukjórið fór fram. Uppgjörið skal vera áritað af frambjóðanda sjálfum sem og af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Uppgjöri má skila stafrænt á vefsíðu <http://island.is/skila-uppgjori-einstaklingsframboð>. Á vefsíðu Ríkisendurskoðunar má finna [uppgjorsform](#), sem uppgjörsskyldir frambjóðendur geta nýtt sér og skilað með tölvupósti eða á pappír, kjósi þeir svo.

Frambjóðendur eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef heildartekjur vegna framboðsins eða heildarkostnaður við kosningabaráttuna fer ekki fram úr 550 þús. kr. Æskilegt er að þeir skili

RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun sérstakri yfirlýsingu þar um. Á vefsíðu Ríkisendurskoðunar er að finna sýnishorn af [yfirlýsingu](#) en henni má einnig skila með rafrænum hætti á vefsíðu Ríkisendurskoðunar.

Í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga nr. 162/2006 birtir Ríkisendurskoðun áritaðan reikning frambjóðanda á vef embættisins.

Rafræn undirritun reiknings er jafngild skriflegri undirritun reiknings á pappíriformi.

13. gr.

Ef uppgjör vegna kosningabaráttu sýnir jákvæða eða neikvæða fjárhagsstöðu skal frambjóðandi árlega skila nýju uppgjöri til Ríkisendurskoðunar allt þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuld verið greidd.

VI. KAFLI
Gildistaka

14. gr.

Leiðbeiningar þessar eru settar á grundvelli laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka, með síðari breytingum, og gilda frá og með ársuppgjöri fyrir árið 2024.

26. mars 2025

Guðmundur Björgvin Helgason

ríkisendurskoðandi